



**Fundargerð 91. fundar dómaranefndar SSÍ mánudaginn  
6. júní 2019 haldin í Pálsstofu í Laugardalslaug, Reykjavík.**

**Mættir:** Björn Valdimarsson, Sigurður Óli Guðmundsson, Viktoría Gísladóttir og Bryndís Sigurðardóttir.

**Forföll:** Sigurpór Sævarsson, Hilmar T. Björgvinsson, Hilmar Örn Jónasson og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

**Fundur settur kl. 17:30**

**Fundarefni:**

1. Ársskýrsla dómaranefndar árin 2017 – 2018 lögð fram. Skýrslan hefur verið send til stjórnar SSÍ.
2. Tillaga að einstaklingum í nýrri dómaranefnd rædd og samþykkt með fyrirvara. Listin verður lagður fyrir komandi Sundþing. Þar þarf að samþykkja listan. Tillaga að nýrri dómaranefnd er eftirafandi:

- Björn Valdimarsson – Fjölnir
- Bryndís Sigurðardóttir - Breiðablik
- Ingibjörg Ýr Pálmadóttir - Ægir
- Sigurður Óli Guðmundsson - SH
- Lárus Lúðvík Hilmarsson – Ármann
- Sigurpór Sævarsson – ÍRB

Allir ofangreindir hafa þegar samþykkt að taka þátt í dómaranefnd SSÍ.

3. Hilmar Theodór Björgvinsson býður sig ekki fram til áframhaldandi setu í dómara nefnd og er honum þakkað fyrir vel unnin störf.
4. Verkefni FINA dómara í útlöndum.  
NÆM í Danmörku - sótt um fyrir 1 dómara óstaðfest  
EYOF í Baku, Azerbaijan - sótt um fyrir 1 dómara óstaðfest
5. AMÍ 2019 verður halið í Reykjanesbæ helgina 21 – 23 júní.  
Viktoría mun halda utan um skráningar dómara fyrir AMÍ. Byrjað er að auglýsa eftir starfsfólki til starfa á mótið.
6. Ákveðið var að halda dómara námskeið fyrir AMÍ, miðvikudaginn 19. júní 2019 kl 18:00 í Pálsstofu, Laugardalslaug.

**Fundi slitið kl 19:00**